

Leiðbeiningar fyrir starfsstaði SFS vegna gátalista menntastefnu Reykjavíkurborgar



Leiðbeiningar fyrir gátlistana má einnig finna í 5 stuttum myndböndum [hér](#).

EFNISYFIRLIT

Leiðbeiningar fyrir starfsstaði SFS vegna gátalista menntastefnu Reykjavíkurborgar	1
Leiðbeiningar fyrir gátlistana má einnig finna í 5 stuttum myndböndum hér	1
Um gátlista:	3
Að skrá sig inn á gátlista:	4
MÍNAR UPPLÝSINGAR	5
GÁTLISTAR	8
Birtingamynd 1 – starfsstaður ekki búin að draga grunnlínu:	9
Birtingamynd 2 – starfsstaður búin að draga grunnlínu:	11
Hvers vegna að draga grunnlínu?	12
SKJALASAFN	13
SÆKJA GÖGN	14

Myndir:

Mynd 1: Heimasíða menntastefnu Reykjavíkur	4
Mynd 2: Innskráningarsíða gátlista	4
Mynd 3: Upphafssíða gátlista	5
Mynd 4: Grunnupplýsingar, fyrirfram skilgreindar upplýsingar	5
Mynd 5: Grunnupplýsingar, stýrihópur og aðrir sem koma að starfinu	6
Mynd 6: Dálkur til að skrá áherslur starfsstaðarins	7
Mynd 7: Gátlistar	8
Mynd 8: Birtingamynd 1, ekki búin að draga grunnlínu	9
Mynd 9: Birtingamynd 2, búin að draga grunnlínu	11
Mynd 10: Skjalasafn	13

Um gátlista:

Gátlistum menntastefnunnar er ætlað að styðja við skóla- og frístundastarf með markvissri innleiðingu á áherslur menntastefnu Reykjavíkurborgar. Markmið stefnunnar er að skapa umhverfi sem stuðlar að því að efla börn og unglinga til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi og geta látið drauma sína rætast.

Gátlistarnir eru gagnlegir skólum/frístundastarfi til að meta sjálfir hvar þeir standa í þáttum menntastefnunnar, velja sér áherslupátti og setja niður hvernig þeir hyggjast vinna með þá. Ávinningur starfsstaða sem nýta sér gátlistakerfið er að þeir fá vísbendingar um hvernig hægt er að efla hvern áherslupátt, auk þess sem gátlistakerfið er gott verkfæri til að halda utan um vinnuna og sjá þróun á milli ára. Í lok hver starfsárs er hægt að kalla fram skýrslu sem kerfið býr til sjálfvirk sem sýnir stöðuna en upplýsingar úr henni er hægt að nýta í m.a. starfsáætlun/aðgerðaráætlun og/eða innra mat/sjálfsmat.


Til að gátlistarnir nýtist sem best er nauðsynlegt að hver starfsstaður byrji á því að draga grunnlínu en það er gert til að hægt sé að meta stöðuna eins og hún er í upphafi vinnunnar og út frá því er síðan byggt ofan á starfið með markvissri innleiðingu til 2030. Upplýsingar um hvernig grunnlína er dregin er útskýrð síðar í leiðbeiningunum.

Gátlistar menntastefnu Reykjavíkurborgar eru á heimasíðu menntastefnunnar, menntastefna.is undir vefslóðinni <http://gatlistar.menntastefna.is/> Gátlistakerfið er lokað skráningar- og vinnusvæði fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar en hver og einn starfsstaður hefur fengið úthlutað notandanafni og lykilorði.

Nánari upplýsingar um gátlistana má fá hjá Sigrúnu Hörpu Magnúsdóttur sigrun.harpa.magnusdottir@reykjavik.is

Áherslupáttir menntastefnunnar eru fimm:

Félagsfærni – Sjálfsefning – Læsi – Sköpun – Heilbrigði



Auk þess eru gátlistar fyrir:

Mannauður – Innra mat




Ferli gátlistavinnu:



Að skrá sig inn á gátlista:

Sláðu inn www.menntastefna.is og þá birtist heimasíða menntastefnu Reykjavíkur:



Mynd 1: Heimasíða menntastefnu Reykjavíkur

Veldu gátlista, þá birtist þessi innskráningarsíða:

Menntastefna.is er vettvangur þeirra sem vilja styðja við framtíðaráherslur menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Meginmarkmiðið er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að og styðja grundvallarþætti stefnunnar, félagsfærni, sjálfsþing, læsi, sköpun og heilbrigði, m.a. með gátlistum sem starfsstaðir geta nýtt til að meta hvernig þeim gengur að efla áhersluþætti stefnunnar.

Auk gátlista um félagsfærni, sjálfsþing, læsi, sköpun og heilbrigði eru gátlistar um innra mat og mannauð sem einnig styðja vel við áhersluþættina fimm.

Starfsstaðir skóla – og frístundasvið Reykjavíkurborgar geta nýtt sér vinnusvæði menntastefnunnar með því að skrá sig inn hér til hægri. Hér er hægt að finna gátlistana á [prentaðu formi](#)

[Leiðbeiningar fyrir rafræna gátlista](#)


Skráðu þig inn á vinnusvæði Menntastefnunnar ef þitt sveitarfélag eða skóli er þátttakandi.

Mynd 2: Innskráningarsíða gátlista

Allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar eiga að hafa fengið notendanafn og lykilorði sent í tölvupósti til að komast inn á gátlistana. Ef þú veist ekki notendanafn þíns starfsstaðar eða lykilorð getur þú haft samband við Sigrúnu Hörpu Magnúsdóttur: sigrun.harpa.magnusdottir@reykjavik.is

MÍNAR UPPLÝSINGAR

Eftir að skóli/frístund hefur skráð sig inn á svæðið kemur þessi síða upp. Vinnusvæðin eru á stikunni vinstra megin á síðunni. Annað sem kemur fram á þessari síðu eru upplýsingar um það sem síðast var unnið í. Gott er að byrja á að opna **Mínar upplýsingar** efst á stikunni vinstra megin.




Mynd 3: Upphafssíða gátlista

Undir **Mínar upplýsingar** eru tveir flipar;

1. Grunnupplýsingar

2. Menntastefna



Mynd 4: Grunnupplýsingar, fyrirfram skilgreindar upplýsingar

1. Grunnupplýsingar

Fyrirfram skilgreindar upplýsingar: Hér eru skráðar almennar upplýsingar um starfsstaðinn, nafn, heimilisfang, staður og póstnúmer.

Stýrihópur: Hér er skráð hverjir vinna við gátlistana og menntastefnu innleiðingu í skólanum/frístundinni. Nafn, netfang og hlutverk er skráð en hægt er að bæta við hlutverki ef það er ekki til í fellilista. Upplýsingar sem eru skráðar hér birtast í lokaskýrslu sem er fjallað um síðar í þessum leiðbeiningum.

Aðrir sem koma að starfinu: Hér er hægt að skrá aðra sem vinna að þáttum sem m.a. tengjast menntastefnunni, t.d. um heilsuefning grunnskóla, þróunarverkefni sem tengjast áherslupáttum menntastefnunnar eða annað.

Stýrihópur

Nafn	Netfang	Hlutverk		
jona jóns	sigrun.harpa.magnusdottir@reyk	Skólastjóri	Breyta	Eyða
Bæta við línu				

Aðrir sem koma að starfinu

Nafn	Netfang	Hlutverk
Bæta við línu		

Mynd 5: Grunnupplýsingar, stýrihópur og aðrir sem koma að starfinu

2. Menntastefna.

Hér eru forskráðar upplýsingar um menntastefnu Reykjavíkur og grundvallarþætti stefnunnar, sem mun birtast í lokaskýrslu sem kerfið býrt til ár hvert, í lok starfsárs.

Í dálkinn fyrir neðan forskráða textann skráir hver starfsstaður áherslur starfsstaðarins sem verður unnið sérstaklega að í skólanum/frístundinni. Það getur verið einn eða fleiri áhersluþættir úr menntastefnunni (félagsfærni, sjálfefling, læsi, sköpun, heilbrigði). Gott er að leggja áherslu á að skrá áherslurnar ítarlega í þennan dalk því textinn birtist í lokaskýrslunni undir textanum: **Áherslur þetta ár.**



Mínar upplýsingar

Gáttlistar

Skjalasafn

Sækja gögn

Mínar upplýsingar

Grunnupplýsingar

Menntastefna

Menntastefna

Síðast uppfært þriðjudagur, 10. september 2019 10:12

Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm; [Félagsfærni](#), [Sjálfsefning](#), [Læsi](#), [Sköpun](#) og [Heilbrigði](#).

Tvö leiðarljós vísa veginn:

[Barnið sem virkur þátttakandi](#)

[Fagmennska og samstarf í öndvegi](#)

File	Edit	View	Insert	Format	Tools	Help
↶	↷	Paragraph	▼	B	<i>I</i>	☰ ☰ ☰ ☰ ☰ ☰
Áherslur ársins eru.						

Mynd 6: Dálkur til að skrá áherslur starfsstaðarins

GÁTLISTAR



Mínar upplýsingar

Gátlistar

Skjalasafn

Sækja gögn

Gátlistar

Upplýsingar um útfyllingu gátlista



Sjálfsfelling

53% komið til framkvæmda



Félagsfærni

46% komið til framkvæmda



Læsi

44% komið til framkvæmda



Heilbrigði

10% komið til framkvæmda



Sköpun

Ekki komið til framkvæmda



Innra mat

Ekki komið til framkvæmda



Mannauður

Ekki komið til framkvæmda

Mynd 7: Gátlistar

Þegar **Gátlistar** er valið koma upp áherslupættirnir fimm í menntastefnunni og auk þess gátlistar um innra mat og mannauð. Með gátlistunum er hægt að meta hvar skólinn/frístundin stendur í hverjum grundvallarþætti fyrir sig í stefnunni út frá viðmiðum og út frá þeirri niðurstöðu getur starfsstöðin metið næstu skref.

Þegar einn ákveðinn gátlisti er valin birtast upplýsingar um gátlistann og viðmið fyrir hann:

Um gátlista: Kvarði gátlistanna útskýrður. Það getur verið gagnlegt að meta hvar á að haka við (merkja 1-5) með því að hugsa tölustafina sem prósentur.

1 = Ekki komið til framkvæmda (0%)

2 = Að litlu leyti komið til framkvæmda (25%)

3 = Að hluta komið til framkvæmda (50%)

4 = Að miklu leyti komið til framkvæmda (75%)

5 = Að fullu komið til framkvæmda (100%)

Við hlið **Um gátlista** eru tveir flipar sem koma upp, eftir því hvort starfsstaður er búin að draga grunnlínu eða ekki.

Sköpun

Síðast uppfært fimmtudagur, 17. september 2020 13:10

Um gátlista Öll viðmið Hvert viðmið

Sjálfsfelling

Síðast uppfært fimmtudagur, 17. september 2020 10:57

Um gátlista Valin viðmið Velja viðmið tímabils

Birtingamynd 1 kemur upp ef starfsstaður er ekki búin að draga grunnlínu

Birtingamynd 2 kemur upp ef starfsstaður er búin að draga grunnlínu.

Birtingamynd 1 – starfsstaður ekki búin að draga grunnlínu:

1. Um gátlista. 2. Öll viðmið. 3. Hvert viðmið

Þessi mynd birtist þegar gátlistinn er opnaður í fyrsta sinn og eftir á að **draga grunnlínu**.

Sköpun
Síðast uppfært aldrei

Um gátlista Öll viðmið Hvert viðmið

Í gátlistunum er staðan metin fyrir hvern þátt með vísbendingum. Merkt er við kvarða sem getur tekið gildi á bilinu 1-5. Fyrir hvert gildi fæst tiltekin prósentutala:

1 = Ekki komið til framkvæmda (0%)
2 = Að litlu leyti komið til framkvæmda (25%)
3 = Að hluta komið til framkvæmda (50%)
4 = Að miklu leyti komið til framkvæmda (75%)
5 = Að fullu komið til framkvæmda (100%)

Heildarstaða hvers gátlista, er prósentutala sem er meðaltal og birtist fyrir hvern gátlista. Það er reiknað með því að leggja saman prósentutölurnar fyrir hvert og eitt atriði í listanum og deila með heildarfjölda atriða. Þegar öll atriði eru að fullu komin til framkvæmda er heildarstaða gátlistans 100%.

Hér má sjá hvernig merkt hefur verið við vísbendingarnar.

Draga grunnlínu

Mynd 8: Birtingamynd 1, ekki búin að draga grunnlínu

Appelsínuguli hnappurinn sýnir að eftir á að draga grunnlínu í þessum gátlista, sem er mikilvægt að gera þegar búin er að klára að fylla í gátlista eins og ætlunin er að gera. Þannig er staðan tekin í upphafi og árin á eftir er hægt að skoðun þróunina.

Öll viðmið:

Hægt er vinna í gátlista, fara út úr honum en koma að vinnunni síðar og halda áfram að merkja við án þess að skráning sem búin var að gera hverfi. Þ.e.a.s. ekki þarf að draga grunnlínu svo skráningin vistist. Þegar búin er að klára að merkja í gátlistann eins og ætlunin er, er þó mikilvægt að draga grunnlínu. Það er gert með því að velja **Draga grunnlínu** (appelsínuguli hnappurinn) og **staðfesta**. Þannig verður til grunnlína/grunnpunktur starfsstaðarins. Þá meðtekur kerfið að komin er upphafsstaða og býr til upphafspunkt/línu þ.e. hvar starfsstaðurinn er staðsettur í upphafi vinnunnar þegar byrjað var að vinna með gátlistana.

Þegar ákveðið er að vinna í skráningu gátlista er mjög gagnlegt að huga að því að velja **Skrá stöðu/aðgerð**. Það á sérstaklega við ef tiltekin gátlisti er sérstakur áherslupáttur sem starfsstaðurinn ætlar að vinna með meira en aðra áherslupætti.

Skrá stöðu/aðgerð

Um stöðuna

Áðgerðir Hvað á að gers, hvenær og hvernig?

Ábyrgð Hver ber ábyrgð á verkefni?

Vista

Þegar **Skrá stöðu/aðgerð** er valið

opnast gluggi eins og sýnt er hér til vinstri. Þar er skráð hver staðan er (hvers vegna var merkt í 1-5), hvaða aðgerðir eru framunda, hvað á að gera hvenær og hvernig. Auk þess er dalkur til að tilgreina hver ber ábyrgð á verkefni. Gagnlegt er að fylla í þessa reiti fyrir gátlista sem áhersla er á að vinna með sérstaklega það árið. Það auðveldar áframhaldandi vinnu og gefur betri mynd af því sem gert

hefur verið, stöðu, markmið og árangur.

Viðmið um gæðastarf: 0%

Unnið er markvisst að sköpun/skapandi ferli í öllu skólastarfinu.

1. 2. 3. 4. 5.

Skrá stöðu/aðgerð Viðmið á ekki við

Hægt er að velja **Viðmið á ekki við**. Ef upp kemur að starfsstaður telur viðmið ekki eiga við þeirra starf er hægt að haka í þetta box. Gott er að útskýra af hverju viðkomandi viðmið á ekki við, í textaboxið sem birtist. Þó er mælt með að nýta ekki þennan valmöguleika nema fyrir því séu góð rök, þennan valmöguleika ætti bara að nota í undantekningartilvikum.

Hvert viðmið:

Þegar þessi hnappur er valin koma upp sömu valmöguleikar og í **Öll viðmið** nema hér sést aðeins eitt viðmið í einu. Gott getur verið að velja þetta viðmót þegar verið er að vinna við gátlistana sem leggja á áherslu það árið, því textinn á viðmiðinu birtist stærri og því jafnvel auðveldra að skrá.

Birtingamynd 2 – starfsstaður búin að draga grunnlínu:

Ef búíð er að vinna í gátlistunum áður og búíð að draga grunnlínu birtast þessir valmöguleikar:

1. Um gátlista. 2. Valin viðmið. 3. Velja viðmið tímabils



Mynd 9: Birtingamynd 2, búíð að draga grunnlínu

Hér er hægt að skoða hvað búíð er að gera, halda áfram að vinna með gátlistann og skrá stöðu/aðgerð.

Valin viðmið: Hér birtast viðmið sem hafa verið valin. Það er gert í flípanum „**Velja viðmið tímabils**“.

Velja viðmið tímabils: Hér eru viðmið valin.

Þegar búíð er að draga grunnlínu er valmöguleiki að haka í box vinstra megin í ramma viðmiðanna til að velja viðmið, sem svo birtist í lokaskýrslu.



Aðeins þau viðmið (og texti sem hefur verið skráður um stöðu þess viðmiðs), færist yfir í lokaskýrslu í lok skólaárs ef hakað er í boxið.

Þessi valmöguleiki gerir það að verkum að hægt er að vinna með gátlista án þess að nota öll viðmið og velja þá nokkur viðmið í stað allra. Þó er mælt með því að nota öll viðmið til að fá víðara mat á hvernig starfsstaðnum gengur að vinna að þeim þætti sem verið er að meta, í stað afmarkaðra þátta (út frá fáum viðmiðum). Starfsstöðum er þó alveg frjálst að útfæra sitt matið eins og þeim þykir henta best.

Heildarstaða hvers gátlista er prósentutala sem er meðaltal skráningarinnar sem hefur verið gerð. Hún er reiknuð með því að leggja saman tölurnar fyrir hvert atriði í listanum (hvert viðmið) og deila með heildarfjölda atriða í listanum. Ef öll atriði væru að fullu komin til framkvæmda (hakað við 5 í kvarða í öllum viðmiðum) yrði heildarstaða gátlistans 100%.

Hvers vegna að draga grunnlínu?

Mjög mikilvægt er að draga grunnlínu/grunnpunkt. Það er gert til að hægt sé að fá stöðuna í upphafi innleiðingar menntastefnunnar, þ.e. hvernig er staðan þegar skólinn/frístundin byrjar að vinna að því að efla menntastefnunna og í framhaldi, hvernig er þróunin.

Með því að draga grunnlínu er hægt að fá vísbendingar um:

- Hvað er verið að gera vel í áhersluþáttum menntastefnunnar?
- Hvað væri hægt að bæta á starfsstaðnum til að efla áhersluþætti menntastefnunnar?
- Hvaða áherslur gæti starfsstaðurinn innleitt á næsta starfsári?
- Hvaða áherslur gæti starfsstaðurinn innleitt til lengri tíma?

Gott er að leggja áherslu á einn til tvo gátlista í upphafi og vinna skráningu þess gátlista vandlega.

Mikilvægt að muna:

Nauðsynlegt er að haka í box vinstra megin í ramma viðmiðanna til þess að þau birtist í lokaskýrslu.

Aðeins þau viðmið (og texti sem hefur verið skráður um stöðu viðmiðanna), færist yfir í lokaskýrslu í lok skólaárs ef hakað er í boxið.

Þessi valmöguleiki gerir það að verkum að hægt er að vinna með gátlista án þess að nota öll viðmið í honum og velja þá nokkur viðmið í stað allra. Þó er mælt með því að nota öll viðmið til að fá víðara mat á hvernig starfsstaðnum gengur að vinna að þeim þætti sem verið er að meta, í stað afmarkaðra þátt (þá t.d. fáum viðmiðum). Starfsstöðum er þó alveg frjálst að útfæra sitt matið eins og þeim þykir henta best.


SKJALASAFN

Undir flipa um skjalsafn er hægt að safna saman gögnum í tengslum við vinnu við menntastefnuna og/eða gátlistavinnuna. Hægt er að búa til nýjar möppur og bæta við skjölum eins og hentar hverjum starfsstað. Möppurnar geta t.d. verið fyrir fundargerðir um menntastefnuna og/eða gátlistavinnuna, t.d. flokkað eftir hverjum áherslupætti.

Lokaskýrsla, sem mun safna sama öllum gögnum sem skráð eru inn í kerfið á einn stað, er hægt að skoða hér. Í lok hvers starfsárs (maí hvert ár) býr kerfið til samantekt sem sýnir stöðu starfsstaðarins í heildstæðri skýrslu sem sýnir hvar starfsstaðurinn er staddur miðað við áherslur menntastefnunnar.

Hægt er að vinna í gátlistakerfinu yfir allt árið, og allar breytingar sem gerðar eru vistast jafnóðum inn í kerfið. Lokaskýrslan uppfærist hins vegar bara einu sinni á ári.

Mælt er með því að nýta lokaskýrsluna eða upplýsingar úr henni í vinnu við innra mat/sjálfsmat og/eða starfsáætlun/aðgerðaráætlun. Jafnframt er hægt að afrita gögn af síðunni, sem sýna breytingar á stöðunni en hafa ekki verið uppfærðar í lokaskýrslu, á sama hátt (sjá næsta kafla: [Sækja gögn](#)).




Mynd 10: Skjalsafn

SÆKJA GÖGN

Í þessum flipa er hægt að skoða samantekt gátlista í línuritum, ásamt upplýsingar um stýrihóp(a). Línuritin sem birtast hér eru þau sömu og eru í lokaskýrslu sem kerfið tekur saman í lok hvers starfsárs (lok maí) en uppfærast ef breytingar á skráningu gátlista eru gerðar milli lokaskýrslsna.

Hægt er að velja **Gátlistar**, **Stýrihópar** og **Aðgerðir gátlista**.



Gátlistar: Hér er áherslupáttur valin, einn eða fleiri. Síðan er tímabilið valið sem við á:

Veldu tímabil og hnappinn Sækja gögn.

Þá birtist mynd sem sýnir hvar starfsstaðurinn er miðað við skráningu í gátlistanna, út frá prósentuskala. Fyrsti punkturinn á myndinni er grunnpunktur eða grunnlína. Þegar búið er að fylla inn í gátlistana fleiri ár en eitt er hægt að sjá þróun.

Stýrihópar: Hér birtist tímabil, nafn og hlutverk þeirra aðila sem hafa verið skráðir í stýrihópa eða vinnuhópa um menntastefnuna og/eða gátlistana.

Aðgerðir gátlista: Hér er hægt að velja einstaka áherslupætti, einn eða fleiri og síðan tímabil, eins og birtist í fyrsta flipa **Gátlistar** en hér birtist aukalega allur texti sem hefur verið skráður við viðmiðinni (Skrá stöðu/aðgerð).

Markmið með gátlistunum er að vera verkfæri sem styður við og auðveldar starfsstöðum að halda markvisst utan um innleiðingu menntastefnunnar og að sjá framþróun.

Ef þig vantar aðstoð eða hefur ábendingar varðandi gátlistana er velkomið að hafa samband.

Gangi ykkur vel ☺

Sigrún Harpa Magnúsdóttir

sigrun.harpa.magnusdottir@reykjavik.is

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar